



## FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

---

**BORGARRÁÐ 7. apríl 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um deilu Loftkastalans við Reykjavíkurborg - MSS22040101**

Á fundi borgarráðs þann 7. apríl sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Fulltrúi Flokks fólksins hefur reynt að setja sig inn í þetta sérkennilega mál, Loftkastalamálið og hefur lagt fram allmargar fyrirspurnir um það. Fátt er um svör og ljóst er af skeytum til borgarfulltrúa að stórfelldur vandræðagangur ríkir í þessu máli hjá skipulagsyfirvöldum og er því þessi fyrirspurn lögð fyrir borgarráð. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að spyrja núna af hverju fékk Reykjavík ekki óháðan aðila til mælinga, heldur var aðeins fyrirtækið Verkís spurt hvort þeir hefðu gert eitthvað vitlaust? Eftir því sem fulltrúi Flokks fólksins kemst næst stenst svar þeirra tæplega skoðun. Fulltrúi Flokks fólksins ítrekar allar fyrirspurnir og skorar á borgaryfirvöld að ræða við hagaðila með það að markmiði að leysa málið. Þetta mál er svo viðamikilið og flókið að réttast væri að innri endurskoðun tæki á því snúning*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 28. apríl sl.

Svar:

Forhönnun gatnahönnunar var í höndum VSÓ ráðgjafar og síðan verkhönnun á vegum Verkís. Báðir aðilar eru óháðir og mæla svæðið upp og ber gögnum forhönnunar og verkhönnunar saman. Ekki var talin ástæða til að kalla þriðja aðilann að málinu.

Lóðarhafi hefur fengið mælingarnar sendar og kynnt sér þær. Hann heldur því fram að einstakir punktar séu rangir. Verkís hefur þegar svarað fyrir þau atriði. Það skal tekið fram að þó að einstakir mælipunktar væru frávik þá hefðu þeir ekki áhrif á heildarhönnunina.

Á framkvæmdatíma benti lóðarhafi á að á þeim hluta lóðarinnar þar sem eru hús í dag (Hilmisbás) hafi gólfkvóti húsa verið lægri en gatnahönnun gerði ráð fyrir. Það var staðfest með upplýsingum frá lóðarhafa og mælingu verktaka á staðnum inn á gólfplötu hússins í gegnum innkeyrsluhurð. Gatan (Hilmisbás) var endurhönnuð og aðlöguð betur að nústandandi byggingum í framhaldi. Þetta var gert vor og sumar 2020.

Lóðarhafi er ósáttur með hæð á götu sem liggur að þeim hluta lóða hans sem ekki standa hús á í dag (Þengilsbás). Reynt var að koma koma til móts við lóðarhafa hvað það varðar en ekki náðist samkomulag þar sem lóðarhafi sleit viðræðunum þann 25. apríl s.l.

Þorsteinn Gunnarsson  
borgarritari